



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÚTFÖR JÓNATHANS MOTZFELDTS. SAMÚÐARÁVARP FORSETA ÍSLANDS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti fyrir í dag ávarp á samkomu sem haldin var í Katuaq, menningarhúsinu í Nuuk, að lokinni útför Jonathans Motzfeldts, fyrrum formanns landstjórnar Grænlandinga.

Í ávarpinu flutti forseti fjölskyldu Jonathans og grænlenksku þjóðinni samúðarkveðjur Íslendinga og rakti langvarandi samvinnu hans við íslensk stjórnvöld og Íslendinga.

Jonathan Motzfeldt markaði djúp spor í réttindabaráttu Grænlandinga og naut ávallt mikillar virðingar á Íslandi. Nafn hans mun lengi vera uppi og skipa heiðursess í huga Grænlandinga og annarra þjóða á Norðurslóðum.

Ávarp forseta má nálgast á heimasíðu embættisins, forseti.is.

5. nóvember 2010

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).